

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 20. maí 2022.

Mál nr. 121/2021:

Elba ehf.

(Björn Þorri Viktorsson lögmaður)

gegn

Garðabæ

(Andri Andrason lögmaður)

Lykilorð

Fasteignaskattur. Fasteignamat. Skattheimild.

Útdráttur

E ehf. höfðaði mál gegn G og krafðist ógildingar úrskurðar yfirfasteignamatsnefndar þar sem staðfest var ákvörðun G um að eignarhluti E ehf. á tilgreindri fasteign skyldi skattleggja á grundvelli c-liðar 3. mgr. 3. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Í dómi héraðsdóms, sem staðfestur var í Landsrétti, kom fram að umrædd fasteign væri í reynd notuð sem geymsla. Í ljósi eðlis húsnæðisins og notkunar þess yrði hvorki séð að því yrði fundin stoð í upptalningu a-liðar sömu málsgreinar né að það yrði talið hafa slík tengsl við íbúðir eða íbúðarhús að því yrði jafnað til húsnæðis þeirrar gerðar. Skírskotaði Landsréttur til þess að fyrir lægi að eignarhlutur E ehf. tengdist hvorki íbúðum á efri hæð umrædds húss né íbúðarhúsnæði eigenda E ehf. Var G því sýknaður af kröfum E ehf.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarnir Eiríkur Jónsson, Hervör Þorvaldsdóttir og Þorgeir Ingi Njálsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 23. febrúar 2021. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjaness 28. janúar 2021 í málinu nr. E-1665/2020.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að felldur verði úr gildi úrskurður yfirfasteignamatsnefndar 18. febrúar 2020 í máli nr. 11/2019. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Niðurstaða

- 4 Í málinu liggur fyrir að eignarhlutur áfrýjanda tengist hvorki íbúðum á efri hæð hússins að Iðnbúð 5 í Garðabæ né íbúðarhúsnæði eigenda áfrýjenda. Með þessari athugasemd en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann

staðfestur um annað en málskostnað, sem ákveðinn verður í einu lagi á báðum dómstigum eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Elba ehf., greiði stefnda Garðabæ, samtals 1.000.000 króna í málskostnað í héraði og fyrir Landsrétti.

Rétt endurrit staðfestir

Gjald: 600 kr.

